



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur fimmtudaginn 11. nóvember 2010 kl. 17:15

Boðaðir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ), Elías Karl Guðmundsson (EKG) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU).

Mættir: Snorri Olsen (SO), Pálína Hinriksdóttir (PH), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) og Þorsteinn Rafn Johnsen (ÞRJ).

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerðin samþykkt.
2. 10 mánaða uppgjör félagsins
Frakvæmdastjóri gerði grein fyrir 10 mánaða uppgjöri félagsins.
Ljóst er að tap verður á rekstri félagsins á árinu.
3. Jólakveðja Stjörnunnar 2010
Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að jólakveðju félagsins.
Tillagan samþykkt og falin framkvæmdastjóra til afgreiðslu.
4. Fjölskyldukort Stjörnunnar
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu „Fjölskyldukorts Stjörnunnar“ en kerfinu var lokað fyrir nýjum aðilum um áramótin 2007/2008.
Aðalstjórn samþykkir að kerfinu verði lokað um næstu áramót.
Framkvæmdastjóra falið að tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðuna.
5. Erindi til Garðabæjar v. Fimleikahúss
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir erindi til Garðabæjar sem er í vinnslu í framhaldi af bréfum Fimleikadeilar á síðasta fundi. Framkvæmdastjóra falið að ljúka málinu með Fimleikadeild.
6. Rekstraráætlanir deilda
Gjaldkeri gerði grein fyrir rekstraráætlunum meistaraflokks karla og barna- og unglíngastarfs knattspyrnudeildar.
Aðalstjórn samþykkir fram lagða áætlun barna- og unglíngastarfsins.
Aðalstjórn vísar áætlun meistaraflokks karla til frekari úrvinnslu gjaldkera aðalstjórnar og formanns knattspyrnudeildar.



7. Önnur mál

- a. Afreks- og þrekþjálfari Stjörnunnar
 - i. Framkvæmdastjóra falið að taka saman yfirlit yfir verkefnið.
- b. 50 ára afmælishátíð UMF Stjörnunnar
 - i. Aðalstjórn þakkar afmælisnefnd og íþróttafulltrúa félagsins fyrir undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar sem þótti takast vel í alla staði.
- c. Fundargerðir aðalstjórnar
 - i. Rætt um fyrirkomulag og meðferð fundargerða aðalstjórnar. Framkvæmdastjóra falið að tryggja að fundargerðirnar verði settar á vef félagsins. Einnig rætt um fyrirkomulag á staðfestingu aðalstjórnar á þeim og útsendingu.
- d. Fundur með fulltrúum Kraftlyftingasambands Íslands
 - i. Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann átti ásamt framkvæmdastjóra með forsvarsmönnum Kraftlyftingasambands Íslands. Formlegs erindis er að vænta frá sambandinu.
- e. Samningar við Garðabæ
 - i. Formaður gerði grein fyrir stöðu samningaviðræðna við Garðabæ um áframhaldandi samstarf og styrki til félagsins.

Næsti fundur verður haldinn nk. Þriðjudag 16.11.2010 kl. 17:15.

Fundi slitið kl. 18:45

Ritað PGr.